

Sp.

505. Svar

[202. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um fullvirðisrétt.

1. Fullvirðisréttur í mjólkurframleiðslu.

Verðlagsárið 1985–1986 voru 1888 búmarkshafar í skrá um fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu. Verðlagsárið 1986–1987 eru í slíkri skrá 1902 aðilar en eins og fram kemur við 2. tölul. eru þar nokkur bú sem nú eru hætt framleiðslu og hafa því ekki fullvirðisrétt lengur.

2. Skerðing mjólkurframleiðslu.

Skerðing er metin frá framleiðslu verðlagsársins 1984–1985. Miðað er við framleiðslu mjólkur á því verðlagsári sem var innan búmarks hjá hverjum aðila.

a. Skerðingu 0–20 ærgilda bera	450 aðilar.
b. Skerðingu 20–50 ærgilda bera	322 aðilar.
c. Skerðingu 50–100 ærgilda bera	244 aðilar.
d. Skerðingu yfir 100 ærgildi ber	131 aðili.
	Alls 1147 aðilar.

Varðandi d-lið má skipta þeim búum í tvo flokka. Á 44 búum hefur mjólkurframleiðslu nú þegar verið hætt og aðilarnir hafa selt eða afsalað sér fullvirðisrétti. Hinn hlutinn eru bú sem höfðu mikla framleiðslu og eru ofan þeirra stærðarmarka sem hafa notið leiðréttinga eftir ákvæðum reglugerðarinnar sem gildir um mjólkurframleiðslu ársins, þ.e. reglugerð nr. 339/1986.

3. Bú með meiri framleiðslu.

Bú, sem hafa hærri fullvirðisrétt á verðlagsárinu 1986–1987 en nam framleiðslu þeirra verðlagsárið 1984–1985, eru 755. Í þeirri tölu eru fáein bú (innan við 10) sem ekki voru í fullvirðisréttarskrá á síðasta verðlagsári.

Rétt er að geta þess að búmarksnefndir búnaðarsambandanna hafa rétt til að miðla fullvirðisrétti, sem ekki er notaður af þeim sem úthlutun fær, innan hvers búmarkssvæðis. Því kunna þessar tölur að breytast lítillega fyrir lok verðlagsársins.